

Alþingi  
Erindi nr. P 140/495  
komudagur 28.11.2011

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis  
Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10, 150 Reykjavík



## Umsögn Landverndar um frumvarp um breytingu á lögum um upplýsingarétt um umhverfismál

Stjórn Landverndar lýsir yfir stuðningi við frumvarp um breytingu á lögum nr. 23/2006 um upplýsingarétt um umhverfismál (59. mál lagafrumvarp 140. löggjafarþingi).

Það er mat stjórnar Landverndar að bæta þurfi úr veikburða lagaumhverfi á sviði mengunarvarna hér á landi, t.d. er varðar slakt eftirlit, óljósa ábyrgð eftirlitsaðila og vanhöld við miðlun mikilvægra upplýsinga til almennings. Umrætt frumvarp tekur á síðasttalda atriðinu.

Að mati stjórnar Landverndar er það mikilvæg frumkvæðisskylda stjórnvalda að veita upplýsingar vegna mengunarhættu. Frumkvæðisskyldan hefur verið staðfest af Mannréttindadómstól Evrópu sem túlkar 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu á þann hátt að stjórnvöldum beri skylda til að upplýsa íbúa um mengun sem geti hugsanlega haft áhrif á líf og heilsu svo íbúar geti tekið upplýsta ákvörðun um búsetu á menguðum svæðum.

Þá vekur stjórn Landverndar athygli á að aðalfundur Landverndar haldinn 26. maí 2011 lýsti yfir áhyggjum af aukinni tíðni mengunarslysa og ófullnægjandi eftirliti með þeim málum hérlandis:

*„Fréttir af díoxínmengun frá sorpbrennslustöðvum, flúormengun frá álverum á Grundartanga, brennisteinsvetnis-mengun frá Hellisheiði og mengun vegna frárennslis hafa nýlega litið dagsins ljós.*

*Óviðunandi er að umhverfisyrifvöld virðast hafa brugðist eftirlitsskyldu sinni eins og fram kemur í nýlegri úttekt Ríkisendurskoðunar. Það verklag að láta fyrirtækin sjálf að mestu um eftirlitið er greinilega ófullnægjandi. Breyta þarf verklagsreglum, auka þarf tíðni skyndikannana eftirlitsaðila og beita þarf sektum í meira mæli. Skýrsla Ríkisendurskoðunar til umhverfisráðuneytisins og Umhverfisstofnunar verður vonandi til þess að bæta vinnubrögð og koma þessum málum í betri horf.“*

Reykjavík, 24. nóvember 2011

F.h. stjórnar Landverndar

Guðmundur Hörður Guðmundsson  
formaður Landverndar